

Formáli

Hæfileikinn til að geta lifað saman í lýðræðisríki er ekki sjálfgefinn. Nauðsynlegt er að tileinka sér þá þekkingu og færni og þau lífsgildi sem eru forsendur lýðræðisins og hlúa að þeim ævilangt. Börn eiga að geta skilið lykillugtök lýðræðis og mannréttinda, en gildi á borð við mannlega reisn, umburðarlyndi og virðingu fyrir öðrum, og færni á borð við samvinnu, gagnrýna hugsun og að gæta réttar síns er ekki hægt að kenna á hefðbundinn hátt. Slíkt þarf að læra af reynslunni með því að lifa og starfa í lýðræðisríki, og eins snemma á lífsleiðinni og kostur er. Um það snýst mannréttindamenntun og þetta er það sem *Litli-kompás – handbók um mannréttindamenntun fyrir börn* fjallar um.

Evrópuráðið hefur stutt mannréttindi allt frá stofnun sinni. Aðstæður í Evrópu eins og við viljum hafa þær, þar sem friðarmenning og mannréttindi liggja til grundvallar, geta aðeins orðið að veruleika ef allir leggja sitt af mörkum til þess.

Frá því að Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna var samþykktur hefur algjör grundvallarbreyting átt sér stað í viðhorfi gagnvart börnum, sem felst í þeim rétti barna að haft sé samráð við þau og að tekið sé tillit til þeirra við ákvarðanatökur um málefni sem þau varðar. En slík þátttaka barna verður aðeins möguleg ef hinir fullorðnu viðurkenna hlutdeild barna að málum sem þau varða. Að gera þetta að raunveruleika, og gæta þess þannig að börnum sé sýnd virðing, er afar brýnt viðfangsefni meðal fullorðinna; framkoma fullorðinna gagnvart börnum endurspeglar framtíðarsýn þjóðfélagsins. Mannréttindi og mannréttindamenntun er sameiginlegt námsferli sem varðar ekki einungis börn heldur einnig hina fullorðnu.

Evrópuráðið hefur sett verkefnið „Evrópa fyrir og með börnum“ (Building a Europe for and with children) á laggirnar til að leggja áherslu á að börnum í Evrópu skuli hvarvetna sýnd virðing; til að efla réttindi barna og útrýma ofbeldi gagnvart börnum. Þátttaka barna er í báðum tilvikum mikilvægur liður. Hér gegnir *Litli-kompás* veigamiklu hlutverki. *Litli-kompás* byggir á áætlun æskulýðsdeildar Evrópuráðsins um mannréttindamenntun fyrir ungt fólk, sem hefur hlotið mikið lof, og þeirri velgengi sem *Kompás, handbók um mannréttindafræðslu fyrir ungt fólk* hefur notið. Í honum er að finna verkefni og aðferðir sem kennarar, leiðbeinendur og foreldrar geta nýtt sér til að kynna börnum mannréttindi á skapandi og skemmtilegan hátt. Þessi handbók er byrjunarreitur: *Litli-kompás* vísar til allra átta, en það er undir börnunum og þeim sem vinna með þeim komið að nota hann og nýta sér efni hans eins vel og kostur er.

Með því að þekkja réttindi sín verða börn fær um að fordæma og hafna alfarið ofbeldi og misnotkun; með því að standa vörð um mannréttindi stuðla börn að því að heimurinn fari batnandi, nú og til framtíðar; og það er með því að vinna með börnum að mannréttindum sem hinir fullorðnu verða trúverðugir í augum barna.

Þessi handbók er ómetanlegt framlag til stuðnings börnum og mannréttindum þeirra hvarvetna í Evrópu.

Maud de Boer-Buquicchio

Aðstoðarframkvæmdastjóri Evrópuráðsins

